



# ÁRSRIT 2015

Golfklúbbur Kópavogs og Garðabæjar  
Sími: 565 7373 • gkg@gkg.is  
www.gkg.is



NETIÐ  
SKJÁREIÐ  
STÓMVARP SÍMANS  
9 ERLENDAR STÖÐVAR  
SPOTIFY  
ENDALOUS HEIMASÍMI  
SKJÁRKRÁKKAR / ÞÆTTIR

---

12.000 KR./MÁN

HEIMILISPAKKIÐ -  
NÚ LÍKA FYRIR FYRIRTÆKI!

Mörg fyrirtæki greiða fyrir nettengingu á heimilum starfsmanna sinna vegna fjarvinnu. Síminn býður nú þeim starfsmönnum sem þetta á við að láta greiðslu fyrirtækisins ganga upp í Heimilispakkann. Starfsmaður þarf því aðeins að greiða mismuninn - ef eitthvað vantar upp á til að ná 12.000 kr. á mánuði.

Hringdu í 800 4000 eða sendu póst á [8004000@siminn.is](mailto:8004000@siminn.is) til að klára málið og tryggja þér Heimilispakkann!

Þú getur meira með Símanum

## Ágætu félagar!

Það mætti segja mér, að 22. starfsár GKG, sem nú er lokið, verði talið eitt það markverðasta í sögu klúbbsins. Þar kemur einkum þrennt til. Hið fyrsta er, að hinn 23. janúar 2015 var undirritaður nýr leigusamningur við Ríkiseignir, sem nú fara með eignarhald á landinu fyrir hönd ríkissjóðs, til 20 ára eða til ársins 2035. Í öðru lagi var undirritaður samstarfssamningur um uppbyggingu félags- og íþróttamiðstöðvar GKG hinn 29. janúar 2015. Þar lofa sveitarfélögin Kópavogur og Garðabær að greiða hvort um sig kr. 220.000.000 á næstu 4 árum til byggingarinnar, en GKG mun greiða afganginn auk vaxta af allri upphæðinni, sem er áætluð kr. 645.000.000. Í þriðja lagi var fyrsta skóflustungan tekin fyrir nýja húsinu hinn 28. febrúar 2015. Á þessum tveim mánuðum ársins 2015 rættist því draumur okkar, sem við höfum barist fyrir árum saman, að koma okkur upp fullkominni félags- og æfingaaðstöðu, sem mun gjörbreyta allri starfsemi GKG um ókomna framtíð.

Til hamingju GKG.



**Guðmundur Oddsson**  
formaður GKG

## EFNISYFIRLIT

- |                                   |                                |                                   |
|-----------------------------------|--------------------------------|-----------------------------------|
| 4. Inngangur                      | 26. Úrslit Meistaramóts 2015   | 39. Áritun óháðs endurskoðanda    |
| 8. Stjórn og nefndir              | 28. Nýting valla               | 40. Rekstraryfirlit               |
| 9. Skipting félagsmanna           | 31. Vallar- og Trjáræktarnefnd | 41. Efnahagsreikningur            |
| 10. Skýrsla íþróttasviðs          | 32. Skýrsla vallarstjóra       | 42. Sjóðsstreymi                  |
| 19. Kvennanefnd                   | 37. Fjáröflunarnefnd           | 44. Líflegur golfklúbbur (myndir) |
| 21. Mótanefnd                     | 37. Bygginganefnd              | 46. Klúbbmeistarar 2015           |
| 25. Hugleiðingar framkvæmdastjóra | 38. Áritun stjórnar            | 46. Lokaorð                       |



**Agnar Már Jónsson**  
framkvæmdastjóri GKG  
agnar@gkg.is

### Ársrit GKG 2015

Útgefandi: Golfklúbbur Kópavogs og Garðabæjar.

Ábyrgðarmaður: Agnar Már Jónsson.

Umbrot: PIPAR/TBWA.

Ljósmyndir: Agnar Már Jónsson og myndir frá félagsmönnum.

Prentun: Svansprent.

Sérstakar þakkir: Sigurður

Hlöðversson, Haukur Már Hauksson

og Harpa Hlín Haraldsdóttir.



Frá vinstri: Bergþóra Sigmundsdóttir meðstjórnandi, Áslaug Sigurðardóttir varaformaður, Kristinn Jörundsson gjaldkeri, Guðmundur Oddsson formaður, Einar Gunnar Guðmundsson varamaður, Gunnar Jónsson meðstjórnandi, Gunnar Páll Þórisson meðstjórnandi, Jón K. Baldursson varamaður, Ragnheiður Stephensen varamaður og Símon Kristjánsson ritari.



### Stjórnarstörf

Eftir síðasta aðalfund, sem haldinn var 11. des. 2014, var stjórn GKG svona skipuð:

Guðmundur Oddsson, formaður  
Áslaug Sigurðardóttir, varaformaður  
Kristinn Jörundsson, gjaldkeri  
Simon Kristjánsson, ritari  
Gunnar Jónsson, meðstjórnandi  
Bergþóra Sigmundsdóttir, meðstjórnandi  
Gunnar Páll Þórisson, meðstjórnandi  
Ragnheiður Stephensen, varamaður  
Einar Gunnar Guðmundsson, varamaður  
Jón K. Baldursson, varamaður

Stjórnin hélt 10 bókaða fundi auk félagsfunda og fjölda annarra funda þar sem einstakir stjórnarmenn funduðu með hinum ýmsu aðilum þar sem reynt var að þoka fram hagsmunamálum GKG. Á fundi um framtíðarskipulag Garðabæjar, sem gildir frá 2016, komu vallarmál GKG nokkuð til umræðu, bæði vegna bygginga á nýju fjölnota íþróttahúsi og eins vegna fyrirhugaðrar byggðar í Hnoðraholti. Samkvæmt hugmyndum Garðabæjar mun vesturhluti Mýrarinnar verða tekinn undir húsbyggingar og því augljóst að 9 holu völlum okkar mun skerðast verulega. Ef þetta gengur eftir mun GKG væntanlega fá nýjan 9 holu völl í hrauninu sunnan við Vífilstaðaspítala. Það er flott staðsetning og þar væri hægt að byggja glæsilegan golfvöll. Stjórn GKG lýsti sig reiðubúna til samstarfs um þessi mál, en þetta er án nokkurs vafa næsta stóra verkefni okkar.

13 ára og yngri, en þar er fjölgunin rúm 250%. Rétt er að geta þess hér að nú eru þeir sem voru á námskeiðum hjá okkur skráðir í GKG, en svo var ekki áður. Á þessu ári eru 1873 kylfingar 15 ára og yngri skráðir í golfklúbba á landinu og um þriðjungur þeirra eða 593 skráðir í GKG. Ellismellir eru hins vegar 222 eða jafnmargir og síðasta ár. Til gamans má geta þess að árið 2015 eru skráðir kylfingar innan GSÍ alls 16.473. Við eigum að sjálfsgöðu að velta þessari þróun fyrir okkur því það er GKG afar mikilvægt að halda öllum sínum félögum, því frá þeim kemur stærsti hluti teknanna eða um 60%. Sú þróun að stöðugt fækkar í hópi hinna fullborgandi félaga er mikið umhugsunarefni. Allnokkur hópur þeirra ákvað að taka sér frí á þessu ári og má reikna með að sumir þeirra hafi óttast að þær miklu framkvæmdir sem fóru í gang á þessu ári myndu gera alla aðkomu að golfvöllum erfiða og því lítt spennandi. Við skulum bara vona að þeir komi aftur á nýju ári því þá mætir þeim ný íþróttamiðstöð og glæsileg aðkoma.

### Samningar

Eins og áður er getið var hinn 23. janúar 2015 undirritaður nýr leigusamningur um Garðabæjarhluta golfvalla GKG. Áður var landið í umsjá ríkisspítalanna, en er nú komið í hendur Ríkiseigna. Landið er leigt til 20 ára og hófst leigutímminn 1. febrúar 2015 og lýkur hinn 31. janúar 2035. Í 5. gr. hins nýja samnings segir m.a.: Mánaðarlegt leigugjald fyrir hið leigða landsvæði er kr. 800.000 verðtryggt á mánuði. Fyrstu 5 ár leigutímans, eða til 31. jan. 2020, er þó gefinn 50% afsláttur frá umsömdu verði. Þetta er helmings hækkun frá fyrra leiguverði þegar afsláttartímminn er liðinn. Við reyndum að koma þessari leigu niður í 0 kr. en það var ekki til umræðu af hálfu ríkisins. Þarna er stórt hagsmunamál fyrir okkur



Þó mikill tími hafi farið í fundarhöld við sveitarfélögin þá eru störf stjórnar mörg önnur og hefur stjórnin reynt að halda vel utan um fjármálin, en það er okkur afar mikilvægt að þau séu í góðu lagi. Þá er nauðsýlegt að afreks- og unglíngastarf sé í góðu lagi og vitaskuld reynum við að fylgjast vel með þeim þáttum.

### Félagar í GKG

Árið 2014 voru 1831 skráður í GKG, en nú í ár eru skráðir 2035, sem er rúmlega 11% fjölgun. Fullborgandi félagar eru nú 1211, en voru 1271, sem er 4,7% fækkun. Á aldrinum 16–19 ára hefur orðið 24% fækkun milli ára, en fjölgun var í hópnum 14–15 ára um 27%. Mikil fjölgun hefur orðið í hópnum yngstu kylfinganna þ.e.

og því nauðsýnlegt fyrir stjórn GKG að taka málið aftur upp í lok afsláttartímans. Þá kom inn í nýja leigusamninginn ákvæði sem ekki var í þeim eldri, sem snýr að því að ef samningnum verður rift af hálfu ríkisins mun ríkið greiða bætur fyrir fasteignir. Í samstarfssamningi, sem undirritaður var 29. jan. 2015, milli Kópavogs, Garðabæjar og GKG segir m.a. varðandi fjármögnun framkvæmdanna að sveitarfélögin muni hvort um sig leggja fram kr. 220.000.000. Framlöggin verða innt af hendi með fimm árlegum greiðslum á árunum 2015–2019. Greiðslurnar skulu taka mið af vísitölu neysluverðs til verðtryggingar miðað við grunnvísitölu eins og hún var í mars 2015. Greiðslurnar bera ekki vexti. Ef heildarkostnaður við verkið reynist vera lægri en

fyrirgreind fjárhæð lækkar framlag sveitarfélaganna hlutfallslega. Framlag sveitarfélagsnna er fullnaðarframlag þeirra til framkvæmdanna og skuldbindur GKKG sig til að leita ekki frekar til sveitarfélaganna vegna framkvæmdanna. Garðabær veitti GKKG styrk fyrir gatnagerðargjöldum sem áætluð voru um 25 milljónir enda þurfti ekki að fara í neina gatnagerð vegna nýja skálans.

### Starfsmannamál

Starfsmannamál hjá GKKG eru í nokkuð föstum skorðum og helst okkur vel á fölkli. Yngvi Sigurjónsson var ráðinn sem aðstoðarmaður framkvæmdastjóra í sumar og sá hann um stýringu á hinum ýmsu mótum sem fóru fram á völlum GKKG, en hann er okkur að góðu kunnur sem starfsmaður GKKG til margra ára. Flestir starfsmenn í golfverslun og vallargæslu voru hinir sömu og áður. Veitingar voru undir stjórn Sigurðar Ingasonar sem fyrr. GKKG er stór vinnustaður yfir sumarmánuðina og störfuðu 11 á þjónustusviði, á íþróttasviði voru 22 starfsmenn. Þá fengum við 7 starfsmenn frá Garðabæ og 12 frá Kópavogi, en alls unnu á vellinum 25. Það voru því alls 58 sem unnu á vegum GKKG í sumar þegar mest var.



Á hverju ári verður mikil umræða á meðal félaga um golfvellina okkar. Það er gott og vitaskuld eiga sem flestir að hafa skoðun á ástandi þeirra. Orð eru til alls fyrst og þannig getum við lagað og bætt ástand vallanna og allt umhverfi þeirra. Það er hins vegar miklu oftar sem maður heyrir hið neikvæða, en síður er rétt um það sem vel er gert. Kannski er það bara eðlilegt. Þó vellirnir okkar séu ungir þá eru þeir nánast sambærilegir þeim sem eldri eru hér á landi, enda höfum við lagt mikla fjármuni

### Vinavellir

Á þessu starfsári hafa félagar í GKKG getað farið á 6 vinavelli. Vellirnir voru á Hellu, Akranesi, Selfossi, í Keflavík, Borgarnesi og Grindavík. Á þessu ári þurfti GKKG að greiða 2,2 milljónir króna vegna þessa, sem er svipuð krónutala og árið á undan. Ekki hefur verið tekin ákvörðun fyrir næsta sumar en gera má ráð fyrir því að sömu vellir verði áfram í boði fyrir félagi GKKG. Á þessu starfsári var nokkuð misjöfn aðsókn á þessa velli, flestir hringir voru spilaðir á Hellu, í Grindavík og Borgarnesi.

### Vellir GKKG



í þá undanfarin ár. Við höfum verið heppin með að hafa hæfa stjórnendur og þá hafa félagar í GKKG lagt mikla vinnu í að bæta og laga vellina undanfarin 20 ár. Skotar segja að það taki 100 ár að byggja óaðfinnanlegan golfvöll, en elsti hluti okkar vallar er byggður árið 1994, Grafarholtsvöllur er byggður 1963 og Hvaleyrin er byggð 1967. Við búum við ýmis fortíðarvandamál, sem sannarlega hafa gert okkur erfitt fyrir. Mýrin er byggð í mýri og þar erum við enn að vinna í drennámum sem erfitt hefur verið að finna lausnir á en hefur þó miðað í rétta átt. Leirdalurinn var á sínum tíma notaður sem típpur og þangað fór því allskonar efni sem hefur reynst okkur erfitt að dreina. Vallarnefnd vinnur nú að 15 ára áætlun og höfum við sett okkur það viðmið að eftir þau ár verði vellir GKKG sambærilegir að gæðum og best gerist í öðrum löndum. Þá höfum við ákveðið að afleggja með öllu þær plásturslausnir sem alltof lengi hafa einkennt íslenskt vinnulag. Alls voru spilaðir 56.175 hringir á völlum okkar í sumar, en voru 48.765 árið 2014, sem er 15% aukning. Á Mýrinni voru leiknir 29.326 hringir, en 26.849 hringir á Leirdalnum.

### Fjármálin

Það er algjört lykilatriði að reksturinn sé í góðu lagi og okkur hefur tekist að skila rekstrarafgangi hin síðari ár, mismiklum en alltaf á grænum tölum. Reksturinn skilaði rúmum 4 milljónum í tekjuafgang á þessu starfsári. Innheimta félagsgjalda er um 3 milljónum lægri í krónum talið en árið 2014 en nokkur hækkun varð á vallargjöldum. Hins vegar var verulegur samdráttur í tekjum af golfmótum. Við fengum 12 milljónir í styrki frá sveitarfélögunum til framkvæmda og vegna íþrótt- og tómsundamála. Kópavogur styrkti okkur um 6 milljónir og Garðabær um 6.

# GÓÐ EFTIR ÆFINGAR OG Á MILLI MÁLA



VIÐ VITUM AÐ ÞAÐ ÞARF ÚTHALD OG EINBEITINGU TIL AÐ HALDA SÉR GANGANDI.  
HLEÐSLA ER GERÐ ÚR NÁTTÚRULEGU ÍSLENSKU HÁGÆÐAPRÓTEINI, INNIHELDUR  
ENGAN HVÍTAN SYKUR OG BYGGIR UPP VÖÐVANA. FÁÐU SEM MEST ÚT ÚR ÆFINGUNNI  
MEÐ ÞVÍ AÐ SKELLA Í ÞIG HLEÐSLU EÐA NJÓTTU HENNA Á MILLI MÁLA.



## Glæsileg afrek

Klúbbmeistarar GKG í meistaraflokki karla og kvenna árið 2015 urðu þau Aron Snær Júlíusson og Ragna Björk Ólafsdóttir, en Ragna vann titilinn nú í þriðja sinn. Margir kylfingar úr GKG náðu glæsilegum árangri á árinu. Birgir Leifur hefur staðið sig vel á hinum ýmsu mótum erlendis, en hann er án alls vafa besti kylfingur Íslands í dag. Karlasveit GKG varð í öðru sæti í sveitakeppni GSÍ og kvennasveitin varð í 3. sæti. Í flokkum eldri kylfinga vann karlasveitin 2. deildina og flyst upp í 1. deild, en kvennasveitin varð í 3. sæti í 1. deild. GKG eignaðist 5 kylfinga sem tryggðu sér landsliðssæti í flokki eldri kylfinga á næsta ári. Þá eigum við fjölmarga unga kylfinga sem hafa staðið sig með miklum sóma bæði hér og erlendis. Þar má nefna m.a.: Sigurð Arnar Garðarsson og Hlyn Bergsson. Stúlknasveit GKG sigraði mjög örugglega í sveitakeppni GSÍ 15 ára og yngri. Þetta fólk ásamt mörgum fleirum er okkar framtíðargolfarar. GKG er með öflugasta barna- og unglingastarf á landinu. Í klúbbnum eru fjölmargir mjög efnilegir unglingar sem munu halda merki klúbbsins hátt á lofti næstu árin. Það hefur verið markviss stefna okkar að gefa unga fólkinu okkar kost á auknum æfingum og betri aðstæðum til golfiðkunnar. Þetta starf skilar okkur nú miklum árangri á landsvísu og eru þau nú þegar komnir í hópi þeirra allra bestu á landinu. Við eigum að halda afrekum okkar fólks hátt á lofti og nýta okkur þennan góða árangur til að efla ímynd GKG. Það styrkir allt okkar starf og hvetur okkur til frekari dáða. Þjálfarar okkar með þá Úlfar Jónsson, Derrick Moore og Hauk Má Ólafsson fremsta í flokki hafa unnið frábært starf fyrir GKG og er full ástæða til að þakka þeim sérstaklega.



## Skóflustunga að íþróttamiðstöðinni

Það var bjartur og fallegur dagur 28. febrúar 2015. Engu var líkara en máttarvöldin vildu samgleðjast okkur í GKG þegar við tókum fyrstu skóflustunguna að þessu glæsilega húsi. Bæjarstjórar Kópavogs og Garðabæjar heiðruðu okkur ásamt nokkrum fjölda félaga. Agnar framkvæmdastjóri hafði skipulagt athöfnina og ætlaði að setja undirritaðan upp í gröfu til að koma málunum af stað en ég hafnaði því með öllu. Þess í stað fékk ég fyrrum formann GKG til margra ára, Gunnlaug Sigurðsson, til að taka sér skóflu í hönd og saman hófum við félagarnir moksturinn með dyggri aðstoð bæjarstjóranna, þeirra Ármanns Kr. Ólafssonar og Gunnars Einarssonar. Síðan buðu verktakarnir GG verk til veislu. Það var sannarlega tilkomu mikið þegar gamli skálinn var hífður upp á vagn og honum komið fyrir suður í Hafnarfirði þar sem hann þjónar Bifreiðaaksturklúbbi Hafnarfjarðar sem þeirra höfuðstöðvar. Vonandi reynist hann hinum nýju eigendum eins vel og okkur. Ekki virtust vera nein ellimerki á skálanum þegar hann yfirgaf GKG.

## Breytt aðkoma að völlumunum

Ég neita því ekki að margir okkar félagar höfðu miklar áhyggjur af þeim miklu framkvæmdum sem fóru í gang hjá okkur snemma á þessu ári. Menn óttuðust að aðkoman yrði slæm og kannski ekki síður að framkvæmdirnar myndu trufla sveifluna. Stjórnin lagði því mikla áherslu á að gera eins vel í þessum málum og kostur var. Starfsmenn vallanna undir öruggri stjórn Gumma vallarstjóra leystu þessi mál með slíkum glæsibrag að flestum fannst aðkoman vera okkur til sóma. Margt var í raun miklu betra en verið hafði á gamla staðnum og þá einkum það sem sneri að matar- og hreinlætismálum. Nú kom gervigrasið sem við áttum að góðum notum og var það lagt allt í kringum hinar nýju höfuðstöðvar. Þá kom stóra tjaldidið að góðum notum bæði fyrir samkonur og til æfinga fyrir yngsta fólkið ef veðrið var leiðinlegt. Við kveðjum þessa bráðabirgðaaðstöðu með brosi á vör enda munu á næsta ári mæta okkur glæsilegar höfuðstöðvar í nýju íþróttamiðstöðinni.

## Íþróttamiðstöðin

Bygging nýju íþróttamiðstöðvarinnar miðar vel og lauk uppsteypu hennar í september sl. og hafa framkvæmdir gengið samkvæmt tíma- og kostnaðaráætlun. Við leggjum mikla áherslu á að neðri hæðin verði kláruð um næstu áramót og þá munum við fá bestu inniæfingaaðstöðu á landinu þar sem verða fullkomnustu golfhermar sem völ er á, en auk þeirra verður þúttvöllur og ýmsir aðrir æfingamöguleikar. Á efri hæðinni eru síðan skrifstofur, golfverslun, eldhús, fundarherbergi og stór salur. Stefnt er að því að bæði hús og

löð verði fullfrágengin í byrjun mars 2016. Þá er ár síðan fyrsta skóflustungan var tekin og er mér bæði ljúft og skylt að geta þess, að aðalverktakinn GG verk, undir stjórn fæðganna Gunnars Gunnarssonar, Helga og Gunnars, hefur staðið sig með afbrigðum vel og umgengni þeirra á vinnustað verið til mikillar fyrirmyndar.

Stjórn GKG skipaði bygginganefnd til að hafa umsjón með byggingunni og hefur hún unnið gott starf sem ástæða er að þakka kærlega fyrir. Nefndin hélt 10 bókaða fundi á starsárinu, en nefndina skipa:

Finnur Sveinbjörnsson, formaður  
Agnar Már Jónsson, framkvæmdastjóri GKG  
Helgi Már Halldórsson, arkitekt hússins  
Einar Gunnar Guðmundsson, ritari  
Grétar Leifsson  
Ragnheiður Stephensen  
Guðmundur Árni Gunnarsson, vallarstjóri  
Kristinn Jörundsson  
Sigurfinnur Sigurjónsson

## Stjórn og nefndir 2015

### FORMAÐUR

Guðmundur Oddsson

### VARAFORMAÐUR

Áslaug Sigurðardóttir

### GJALDKERI

Kristinn Jörundsson

### RITARI

Símon Kristjánsson

### MEÐSTJÓRNENDUR

Gunnar Jónsson

Gunnar Páll Þórisson

Bergþóra Sigmundsdóttir

### VARAMENN

Ragnheiður Stephensen

Jón K. Baldursson

Einar Gunnar Guðmundsson

### FRAMKVÆMDASTJÓRI

Agnar Már Jónsson

### SKRIFSTOFA

Guðrún Helgadóttir

### VALLARSTJÓRI

Guðmundur Árni Gunnarsson

### AÐSTOÐARVALLARSTJÓRI

Kristinn Bjarni Heimisson

### ÍPRÓTTASTJÓRI/PGA GOLFKENNARI

Úlfar Jónsson

### AFREKSPJÁLFARI/PGA GOLFKENNARI

Derrick Moore

### MARKAÐS- OG VIÐBURÐARSTJÓRI

Birgir Leifur Hafþórsson

### UNGLINGAÞJÁLFARI/PGA GOLFKENNARI

Haukur Már Ólafsson

### AGA- OG DÓMARANEFND

Kjartan Bjarnason

### FJÁRÓFLUNARNEFND

Einar Gunnar Guðmundsson

### FORGJAFARNEFND

Kjartan Bjarnason

### KVENNANEFND

Bergþóra Sigmundsdóttir

Sesselja Magnea Matthíasdóttir

Bryndís Hinriksdóttir

Sóley Stefánsdóttir

Hildur Pálmadóttir

Linda B. Pétursdóttir

Þorgerður Jóhannsdóttir

### KYNNINGARNEFND

Sigurður Hlökkversson

### MÓTANEFND

Ari Már Torfason

Atli Ágústsson

Bergsveinn Þórarinnsson (alþjóðadómari)

Björn Steinar Stefánsson

Eggert Ólafsson (héraðsdómari)

Einar Gunnar Guðmundsson

Einar Vignir Hansson

Guðjón Kolbeinsson

Gunnar Árnason

Hafþór Jónsson

Haukur Hermannsson

Heimir Jón Guðjónsson (héraðsdómari)

Hjalti Rúnar Sigurðsson (héraðsdómari)

Helgi Már Halldórsson (héraðsdómari)

Jón K. Baldursson (héraðsdómari)

Jónína Pálsdóttir

Kjartan Bjarnason (alþjóðadómari)

Ólafur Arnar Kristjánsson

Ólöf Ásgeirsdóttir

Randver Ármannsson

Sæmundur Melstað (alþjóðadómari)

Þorgerður Jóhannsdóttir

Þorgrímur Björnsson (landsdómari)

### NÝLIDANEFND

Úlfar Jónsson

Derrick Moore

### ÍPRÓTTANEFND

Gunnar Jónsson

### VALLARNEFND

Símon Kristjánsson formaður

Bjarni Guðlaugsson

Derrick Moore

Guðmundur Á. Gunnarsson

Jóhann Ríkey Sigurðardóttir

Sigurfinnur Sigurjónsson

### TRJÁRÆKTARNEFND

Eðvald Geirsson

Gísli Guðbjartsson

Guðmundur Ólafsson

Gunnlaugur Sigurðsson

Ingólfur Hansen

Ólafur Nilsson

### LAGANEFND

Gunnar Jónsson

### KJÖRNEFND

Steinar J. Lúðvíksson

### SKEMMTINEFND

Sigurður Hlökkversson

Lórenz Þorgeirsson

### BYGGINGARNEFND

Finnur Sveinbjörnsson

Grétar Leifsson

Einar Gunnar Guðmundsson

Ragnheiður Stephensen

Agnar Már Jónsson

Kristinn Jörundsson

Sigurfinnur Sigurjónsson

[www.optima.is](http://www.optima.is)

# Skrifstofutæki

fyrir öll fyrirtæki



# RICOH

Mikið úrval ljósritunarvéla,  
prenturum og skönnum  
fyrir stór sem smá fyrirtæki.



Öryggis- og peningaskápar



Skjalir- og skrifstofuskápar



Prentarar, skannar og ljósritunarvélar

Hafðu samband við sölumenn okkar og sjáðu hvað við  
getum gert fyrir þig




S T O F N A Ð 1 9 5 3

# OPTIMA

Vínlandsleið 6-8, S. 588 9000

Optima er aðili að rammasamningi Ríkiskaupa







### Skýrsla íþróttasviðs GKG vegna 2015

Markmið barna- og unglíngastarfs GKG er að halda utan um og efla barna- og unglíngastarf klúbbsins. Í samræmi við það eru meginmarkmið þessi:

- Að veita ungum kylfingum í GKG, afreksmönnum jafnt og þeim sem skemmra eru á veg komnir, aðbúnað og atlati sem jafnast á við það sem best gerist hjá öðrum golfklúbbum.
- Að styðja eftir föngum við bakið á íþróttastjóra og þjálfurum í því skyni að þeir megi ná sínum markmiðum.
- Að efla samstöðu ungu kylfinganna og félagsanda.
- Að efla samstöðu foreldra ungu kylfinganna og fá fleiri til þátttöku í því að búa þeim gott atlati við ástundun íþróttarinnar.
- Að leita ráða til þess að fjölga stúlkum sem leika golf.
- Að tryggja öflugt upplýsingaflæði til foreldra og barna í því skyni að auka þátttöku þeirra enn.
- Að fjölga keppendum frá GKG á unglíngamótum GSÍ og unglíngamótaröð GKG.

### Þjálfarar og leiðbeinendur

Á vetraræfingum störfuðu aðalþjálfarar okkar, þeir Derrick Moore og Haukur Már Ólafsson, og íþróttastjóri, allir PGA menntaðir. Á sumaræfingum voru þrír aðstoðarleiðbeinendur úr hópi afrekskyllfinga. Á vikulegum golfleikjanámskeiðum GKG, sem opin eru öllum börnum 5–12 ára, störfuðu alls 16 afrekskyllingar úr röðum félagsins, en Hulda Birna Baldursdóttir var verkstjóri á námskeiðunum. Boðið var upp á frí SNAG námskeið sl. vetur í Kórnum sem María Guðnadóttir hafði yfirumsjón með. Fjöldi þjálfara og leiðbeinenda á árinu var alls 24.

### Barna- og unglíngastarf

GKG statar af langfjölmennasta barna- og unglíngastarfi golfklúbba landsins. Því yrði ekki haldið úti án þess að hafa breiðan hóp samviskusamra og góðra leiðbeinenda. Hæfir þjálfarar og leiðbeinendur, öflugt foreldrastarf, stuðningur stjórnar og félagsmanna, allt skiptir þetta miklu máli til að halda úti sterku barna- og unglíngastarfi. Fyrir það ber að þakka sérstaklega.

	10 ára og yngri		11–13 ára		14–15 ára		16–19 ára		Samtals 2015	
Iðkendur	Strákar	Stelpur	Strákar	Stelpur	Strákar	Stelpur	Strákar	Stelpur	Strákar	Stelpur
2015	234	132	103	47	54	22	48	4	439	205
Samtals	366		150		76		52		644	
Hlutfall	64%	36%	69%	31%	71%	29%	92%	8%	68%	32%





Nýbreytni var á skráningum ungra félagsmanna, en allir iðkendur sem tóku þátt í golfleikjanámskeiðum GKG fengu takmarkaða félagsaðild í leiðinni. Þetta jók umtalsvert fjölda skráðra iðkenda undir 12 ára í félagið, þó svo það hefði ekki áhrif á umferð á vellina. En með því að skrá þessa ungu iðkendur veitir það okkur betri tækifæri til að nálgast þá og bjóða á æfingar að vetri og sumri. Við erum því að fjárfesta í framtíðinni sem aldrei fyrir.

Golfleikjanámskeiðin voru vel sótt, en alls tóku um 400 krakkar 12 ára og yngri þátt í þeim og var fullbókað á nánast öllum námskeiðum. Vel gengur að fá nýja iðkendur á námskeið eða félagsæfingar en erfiðara er að halda þeim í klúbbum, brottfallið er mikið. Þetta er þekkt vandamál í öðrum klúbbum líka og eru ýmsar ástæður fyrir þessu, svo sem samkeppni frá öðrum íþróttum og fjárhagur heimila. Æfingamagn sem íþróttir bjóða sínum iðkendum hefur aukist jafnt og þétt og er því erfiðara fyrir börn að stunda fleiri en eina íþrótt eða tómstund. Einnig virðist sem þröskuldurinn frá æfingunum og yfir á næsta stig, þ.e. að spila á völlum okkar og ná viðunandi framförum, sé býsna hárfyrir marga. Þetta á



sérstaklega við þau sem eiga ekki aðstandendur sem stunda golf og geta þannig aukið ástundun krakkanna og aðstoðað við fyrstu skrefin á golfvöllum. Við höfum gagnert aukið spilæfingar, t.d. með því að nota litla völlum, fá aðstoð afrekskyflinga við spilæfingar og ekki síst vel heppnaðar Texas Scramble spilæfingar í Mýrinni á föstudögum, sem hafa verið mjög vinsælar meðal iðkenda, sér í lagi þeirra sem eru að stíga fyrstu skrefin á völlum.

Öflugt barna- og unglíngastarf er forsenda endurnýjunar í íþróttinni og heilbrigðs reksturs í framtíðinni. GKG einsetur sér að vera í forystu í barna- og unglíngastarfi og leita leiða til þess að laða að og halda börnum og unglíngum í golfiþróttinni.

Sem fyrr hvetjum við félagsmenn til þess að bjóða börnum, sérstaklega dætrum, barnabörnum og frænkum með á völlum næsta sumar eða í æfingaaðstöður okkar í vetur og kynna íþróttina fyrir þeim.

### Keppnir barna- og unglínga

Við leggjum áherslu á að krakkarnir geti nálgast þessa íþrótt á sínum forsendum. Sumir vilja mæta á æfingar og stunda þegar þeim hentar meðan aðrir hafa brennandi áhuga og metnað til að ná langt. Við bjóðum upp á umgjörð sem sinnir hvoru tveggja. Við hvetjum krakkana til þátttöku í keppnum en gætum þess að þau fái verkefni við hæfi. Líkt og undanfarin ár vorum við með tvær mótaraðir, Mixmótaröðina í Mýrinni og Egils Kristals unglíngamótaröðina fyrir vanari unglíngana á Leirdalsvelli. Mixmótaröðin er mikilvæg fyrir fyrstu skrefin í keppni þar sem lögð er áhersla á afslappað andrúmsloft og að þau njóti sín að spila í góðum félagsskap. Á þessum vettvangi læra þau að fara eftir helstu reglum, halda skor o.s.frv.

Þegar krakkarnir hafa tekið þátt í Kristals mótaröðinni nokkrum sinnum beinum við þeim í Áskorendamótaröð GSF, sem eru 18 holu mót, og loks Íslandsbankamótaröðina, sem eru 36–54 holu mót leikin á tveimur til þremur dögum, ætluð forgjafarlægstu börnum og unglíngum.



GÆÐI Í GEGN

# VIÐ ERUM Í SKÝJUNUM

GG Verk hefur nú hlotið alþjóðlega gæðavottun samkvæmt ISO 9001 staðlinum og er þar með annar byggingaverktakinn á landinu til að hljóta vottunina.

Verðmætasköpun okkar felst í byggingu vandaðra mannvirkja sem byggð eru innan tilskilins tímaramma - af framúrskarandi fagmennsku og gæðum.



GG Verk · Askalind 3 · 201 Kópavogi · 517 1660 · ggverk.is



Góð samskipti



Ábyrgð



Traust




Snyrtimennska



**GG Verk**  
BYGGINGAVERKTAKI






Eins og sést á stöplaritinu hefur GKG næstflesta þátttakendur á Íslandsbankamótaröð unglunga, en eitt af markmiðum okkar hefur verið að hafa sem breiðastan hóp keppenda í öllum mótaröðum.

### Afreksstarf

Fyrir seinustu áramót var stofnað meistaraflokksráð undir formennsku Gunnars Páls Þórissonar. Auk hans voru í ráðinu Þórður Már Jóhannesson, Sigmundur Einar Másson, Derrick Moore og Úlfar Jónsson. Kyllingar í afrekshópi GSÍ voru síðan valdir í Team GKG afrekshóp, en markmið ráðsins var m.a. að styðja enn betur við okkar fremstu kylfinga og veita þeim meira og markvissara aðhald í skipulagningu og þjálfun.



Sem fyrr trónir Birgir Leifur á toppi íslenskra kylfinga, en hann lék á Challenge Tour í sumar og fékk þar mörg tækifæri. Árangur hans var oft mjög góður, auk þess komst hann í lokaúrtökumótið fyrir evrópsku mótaröðina. Vegna mikillar keppnisþátttöku hans erlendis hafði Birgir Leifur ekki tækifæri til að leika hér heima á Eimskipismótaröðinni.

Ólafur Björn Loftsson gekk í raðir okkar í vor og er það mikill fengur fyrir okkur að fá Ólaf sem reynt hefur fyrir sér í atvinnumennsku undanfarin ár. Aron Snær Júlíusson átti gott tímabil í Eimskipismótaröðinni og var hársbreidd frá landsliðssæti. Hann tryggði sér klúbbmeistaratitil GKG í fyrsta sinn en Ragna Björk Ólafsdóttir sigraði í þriðja sinn.

# Betri forgjöf félaga í GKG með N1 kortinu



Afsláttur: -6 kr. +2 N1 punktar á hvern lítra af bensíni og dísel



Sæktu um N1 kort á [www.n1.is](http://www.n1.is) og  
skráðu hópanúmerið 634 á kortið.

Hluti af sveiflunni







Sigurður Arnar Garðarsson átti frábært tímabil og varð Íslandsmeistari í höggleik og holukeppni og jafnframt stigameistari í flokki 14 ára og yngri drengja. Hann gerði síðan góða ferð til Þýskalands á haustdögum og sigraði á unglíngamóti í Berlín.

Hlynur Bergsson átti einnig frábært tímabil, varð Íslandsmeistari í höggleik 17–18 ára og var í piltalandsliði Íslands sem keppti á EM piltalandsliða í Finnlandi.

Stúlknasveit okkar sigraði mjög örugglega í sveitakeppni GSÍ 15 ára og yngri, og er ljóst að framtíð okkar er mjög björt hvað varðar efnilegar stúlkur. Stúlknasveit 2 varð í 3. sæti í sama flokki, drengjasveit 15 ára og yngri tryggði sér þriðja sæti og piltasveit 16–18 ára varð einnig í þriðja sæti. A-sveit karla varð að láta sér 2. sætið lynda þriðja árið í röð í sveitakeppni GSÍ 1. deild, en A-sveit kvenna tryggði sér þriðja sætið.

Hér til hliðar má sjá verðlaunayfirlit úr Eimskips- og Íslandsbankamótaröðunum sem og sveitakeppnum.

Útkoman var heldur rýr á Eimskipsmótaröðinni, en hafa þarf þó í huga að okkar fremstu kylfingar, Birgja Leifur (engin mót), Ragnar Már (2 mót) og Ólafur Björn (2 mót) kepptu í afar fáum mótum vegna verkefna erlendis.

Hvað heildarfjöldi verðlauna í Íslandsbankamótaröðinni varðar sækjum við að GR og hefur verið góður stígandi ár frá ári hjá okkar ungu kylfingum.

Það er ánægjulegt að sjá að GKKG nær flestum verðlaunum í Íslandsmótum á árinu 2015.




### Æfingaferðir

Æfingaferð til útlanda hefur verið fastur liður í barna- og unglíngastarfinu undanfarin ár en stór hópur iðkenda og aðstandenda fór í vel heppnaða ferð til La Sella á Spáni. Þessar ferðir hafa ávallt verið vel heppnaðar og eru krökkunum mikil hvatning á vetraræfingunum. Krakkarnir safna sjálfir fyrir ferðakostnaði en þjálfarar GKKG sjá um æfingaskipulag þá sjö daga sem ferðin stendur yfir.

### Eldri kylfingar (LEK)

Líkt og undanfarin ár áttum við sterka kylfinga í mótaröðum LEK. Gunnar Páll Þórisson og María Guðnadóttir voru tíðir gestir í efstu sætunum og hafa þegar tryggt sér landsliðssæti á næsta ári á EM landsliða. Einnig hafa Guðlaugur Kristjánsson, Halldór Svanbergsson og Helgi Svanberg Ingason tryggt sér sæti í landsliði Íslands sem keppir í forgjafarflokki á EM landsliða.

Í sveitakeppnum eldri kylfinga náðu konurnar 3. sæti í 1. deild en karlarnir tryggðu sér góðan sigur í 2. deild og sæti í fyrstu deild að ári.





JORDAN SPIETH




BUBBA WATSON



ADAM SCOTT



HENRIK STENSON



RICKIE FOWLER



BRITTANY LINCICOME



ZACH JOHNSON



LOUIS OOSTHUIZEN



JIMMY WALKER

FLESTIR AF BESTU KYLFINGUM HEIMS



# TREYSTA OKKUR FYRIR SÍNUM LEIK.




CRISTIE KERR



BILLY HORSCHEL



BROOKS KOEPKA



ROBERT STREB



CHARLEY HOFFMAN



AZAHARA MUNOZ



IAN POULTER



BILL HAAS



SCOTT PIERCY

## #1 Í FJÖLDA LEIKMANNA

*Titleist* **22,572**

Næsti samkeppnisaðili **3,966**

## #1 Í FJÖLDA SIGRA

*Titleist* **167**

Næsti samkeppnisaðili **37**

*Titleist*  
#1 ball in golf.

Skráðu þig í Team Titleist á [titleist.co.uk](http://titleist.co.uk)

Darrell Survey, Sports Marketing Surveys Inc. Northmountain International. Based upon results through 16/11/15 on the U.S. PGA, U.S. LPGA, Champions, Web.com, South African, Asian, Korean, OneAsia, Australasian, Japan, Canadian PGA and PGA European Tours.





### Æfingaaðstaða

Helstu æfingasvæði okkar eru grassvæðin meðfram Vífilsstaðavegi og handan Vetrarbrautar. Litli völlurinn meðfram Vífilsstaðavegi nýtist mjög vel fyrir gólfleikjánaðmskeiðin og auðveldar yngstu kylfingunum að stíga fyrstu skrefin á golfvelli. Breytingin á skipulagi 8. brautarinnar í Mýrinni hefur reynst okkur mjög vel og nýtist sérlega vel til að æfa stutt vipp og þútt. Þetta léttir jafnframt álagið á æfingafloötinni við skálann. Það verður að taka skýrt fram að það skiptir mjög miklu máli að ganga vel um æfingasvæðin, og að fólk fari eftir reglum um umgengni. Grassvæðin, ekki síst æfingaflatirnar, eru mjög viðkvæm og þau eru ekki hugsuð fyrir há innáhögg sem skilja eftir boltafór.

Mikil tilhlökkun er eftir nýrri inniæfingaaðstöðu á neðri hæð íþróttamiðstöðvarinnar. Tilkoma íþróttamiðstöðvarinnar mun gjörbylta öllu uppbyggingar- og afreksstarfi GKKG, en mun einnig hefja til nýrra hæða allt félagsstarf klúbbsins og nýttast hinum almenna félagsmanni gríðarlega vel til æfinga á veturna, þar sem hægt verður að leika marga þekktustu velli heims í fullkomnum Trackman golfhermum.

Kórinn hefur nýst okkur afar vel fyrir vetraræfingarnar og mun gera áfram samhliða nýrri íþróttamiðstöð, enda veitir ekki af plássinu í okkar fjölmenna félagi. Aðstaðan nýtist vel hinum almenna kylfingi í GKKG og viljum við hvetja félagsmenn til að æfa vel í vetur og koma þannig vel undirbúnir til leiks næsta vor. Á heimasíðu GKKG eru upplýsingar um hvenær opið er.

### Almenn námskeið

Boðið var upp á fjölmörg námskeið fyrir félagsmenn í Kórnum yfir vetrarmánuðina og í sumar. Námskeiðin voru mjög vel sótt og ljóst er að mikil þörf var fyrir námskeið af þessu tagi. Námskeiðin voru í höndum PGA kennara, þeirra Huldu Birnu Baldursdóttur, Hlöðvers Guðnasonar og Andrésar Davíðssonar.

### Nýliðanámskeið

Nýliðanámskeið voru haldin í vor fyrir nýja félagi sem teljast byrjendur, þ.e. hafa enga forgjöf og hafa ekki sótt nýliðanámskeið annars staðar. Markmið nýliðanámskeiðanna er að taka vel á móti nýjum félögum, kynna fyrir þeim helstu starfsemi klúbbsins og veita þeim grunnkennslu hvað varðar tækni og leikinn sjálfan. Alls fóru um 30 nýliðar í gegnum fræðslunámskeiðið sem er byggt upp á eftirfarandi hátt: Kynning á starfsemi og starfsfólki félagsins, verkleg þjálfun í stutta spili og sveiflu og spilkennsla þar sem nemendur fylgjast með kennurum leika 3 brautir í Mýrinni. Farið er yfir helstu golf- og síðareglur meðan á spilkennslu stendur. Nemendur fengu einnig fræðslu um hvernig á að fylla út og nota skorkortið, fá forgjöf, skrá sig á rástíma á golf.is, o.fl. Að auki var bóklegt nám í golfreglum. Alls var nýliðafræðslan 6 klst. og fengu þátttakendur möppu með ýmsum handhægum upplýsingum og kennslufni. Kennarar á námskeiðinu voru Úlfar, Derrick, Haukur og Hlöðver, auk Kjartans Bjarnasonar, alþjóðadómara, en hann sá um bóklega tímenn í golfreglum.

### Að lokum

Vetraræfingar hófust í nóvember með barna-, unglinga- og afrekshópum sem stunda æfingar í Kórnum. Veturinn er mikilvægur fyrir iðkendur, en á þeim tíma gefst mesta tækifærið til að bæta golfþæknina og líkamlega formið. Við hvetjum GKKG félagi til að vera duglegir við að æfa golfsveifluna og stutta spilið í vetur og nýta til þess aðstöðuna sem er í boði í Kórnum.

Við þökkum starfsmönnum, nefndarmönnum og ekki síst sjálfboðaliðum fyrir mjög ánægjulegt samstarf á árinu.

Áfram GKKG!

f.h. íþróttasviðs,  
**Úlfar Jónsson,**  
íþróttastjóri

**Gunnar Jónsson,**  
formaður íþróttanefndar



# KRAFTUR TRAUST ÁRANGUR

Hringdu núna

**520 9595**



## Skýrsla kvennanefndar GKKG fyrir árið 2015

Kvennanefnd GKKG 2015 skipuðu Bergþóra Sigmundsdóttir, Sesselja Magnea Matthíasdóttir, Bryndís Hinriksdóttir, Sóley Stefánsdóttir, Hildur Pálmadóttir, Linda Pétursdóttir og Þorgerður Jóhannsdóttir.

GKKG-konur voru með fasta tíma á þriðjudagskvöldum í Kórnum frá febrúar til aprílmánaðar. Haukur Már Ólafsson, PGA golfkennari, var með kennslu fyrir okkur og til aðstoðar var María Guðnadóttir. Var mikil ánægja með störf þeirra.

Rauðvínskvöldið var haldið miðvikudaginn 13. maí 2015. Tæplega 70 konur mættu í nýja klúbbadstöðu og skemmtu sér vel. Bryndís Ásmundsdóttir söng og lék fyrir okkur.

Í sumar voru fastir golf tímar á þriðjudögum í Mýrinni. Ræsar GKKG sáu um að ræsa út og þökkum við í nefndinni starfsfólki GKKG fyrir veitta aðstoð við ræsingu, innritun og eftirlit með þriðjudagstímumunum í sumar.



Móta- og skemmtidagskrá kvennanefndar fyrir sumarið 2015 var send út í apríl og var fyrsta mótið 26. maí. Eina breytingin á dagskránni var að vinkvennamót GKKG og NK féll niður að beiðni NK. Mikil ánægja er með samstarf GKKG og GO og var fjölmennt í vinkvennamótið. GO-konur unnu vinkvennakeppnina þetta árið. Þá skemmtu GKKG-konur sér vel á Akranesi í óvissuferð. Sumardagskránni lauk með fjölmennri lokahátíð 6. september sl. Golfmót var um daginn og hátíð um kvöldið með góðum mat og söng með Eiríki Hafdal, trúbador.

Nokkur fyrirtæki hafa stutt við bakið á kvennanefndinni þetta sumar og þökkum við þeim öllum fyrir frábæran stuðning. Þá hefur klúbburinn og starfsfólk GKKG verið okkur innan handar og þökkum við þeim kærlega fyrir aðstoðina.

Að lokum vill undirrituð þakka samnefndarkonum og GKKG-konum fyrir gott samstarf í gengum árin og óska ég nýrri kvennanefnd velfarnaðar í starfi og þakka fyrir mig.

### Bergþóra Sigmundsdóttir



**GOLF & LAND  
DESIGN**

**Snorri Vilhjálmsson**  
M.Sc. Golfvallaarkitekt

Porsche Str. 7 - 4400 Steyr - Austria  
Sími: +43 650 2276 999  
www.golf-land-design.com



GKKG - ÍSLAND  
18 flöt



FONTANA GC - AUSTURRÍKI  
Umsækjandi fyrir Ryder Cup 2022



SECRET VALLEY - KÝPUR  
Opnaður 2013





## Starf mótanefndar 2015

Snemma á árinu var tekin ákvörðun um að lágmarka fjölda opinna móta í sumar á meðan byggingarframkvæmdir stóðu yfir og halda engin GSÍ mót. Það voru í sumar því aðeins 14 mótadagar sem mótanefndarfólk ræsti út í og sinnti dómgæslu í og var það svolitill samdráttur frá í fyrra en þá voru það 20 mótadagar. Lögð var áhersla á að gera innanfélagsmótunum hærra undir höfði en áður og var m.a. bryddað upp á tveimur nýjungum, annars vegar mánudagsmótaröðinni þar sem krýndur var punktameistari GKKG 2015 og hins vegar geysivinsælu paramóti þar sem m.a. óvænt pör komu fram á sjónarsviðið. Óhætt er að segja að þetta hafi hitt í mark hjá félagsmönnum. Var almennt góð þátttaka í þessum mótum og var gerður góður rómur að þeim. Ljóst er að þessi mót eru komin til að vera áfram.

Stærsta mót ársins var meistaramót klúbbsins sem haldið var dagana 28. júní til 4. júlí og var það haldið viku á undan meistaramótum hinna stóru klúbbanna á höfuðborgarsvæðinu að þessu sinni. Þetta var gert til að taka tillit til verkefna afrekskyflinga klúbbsins svo þeir gætu tekið þátt í meistaramótinu og gert það eins sterkt og unnt var. Í mótið voru skráðir 315 þátttakendur og var það nokkur fækkun eða um 55 frá árinu 2014 en þá voru skráðir þátttakendur 370. Sama fyrirkomulag var á flokkaskiptingu og fjölda keppnisdaga í hverjum flokki og á síðasta ári. Ekki voru allir á eitt sáttir með að keppendur gætu tekið þátt í fleiri en einum flokki og verður það skoðað sérstaklega fyrir næsta mót. Veðrið var skaplegt alla meistaramótsvikuna, engar tafir urðu á mótinu, allt gekk snurðulaust fyrir sig og tókst mótið vel.

- 2.5.2015 9 holu kvennamót punktkeppni
- 26.5.2015 9 holu kvennamót punktkeppni
- 4.6.2015 Arionbanki boðsmót Texas scramble
- 7.6.2015 Undankeppni holumeistaramóts GKKG
- 8.6.2015 Punktamót GKKG fyrsti hringur (fyrir hádegi)
- 8.6.2015 Punktamót GKKG fyrsti hringur (eftir hádegi)
- 9.6.2015 Vinkvennamót GKKG og GO
- 10.6.2015 Egils Kristals mótaröðin (1)
- 11.6.2015 Góðgerðargolfmót Eldeyjar
- 13.6.2015 Hjóna- og parakeppni GKKG
- 15.6.2015 Punktamót GKKG 2. hringur (fyrir hádegi)
- 15.6.2015 Punktamót GKKG 2. hringur (eftir hádegi)

- 18.6.2015 N1 boðsmót
- 20.6.2015 Sumarsólstöðumót Stella Artois
- 22.6.2015 Punktamót GKKG 3. hringur (fyrir hádegi)
- 22.6.2015 Punktamót GKKG 3. hringur (eftir hádegi)
- 22.6.2015 Punktamót GKKG 3. hringur A-holl
- 23.6.2015 Stullarnir – safnmót 4
- 24.6.2015 Egils Kristals mótaröðin (2)
- 25.6.2015 Mixmótaröðin (2)
- 27.6.2015 Niðjamót GKKG
- 27.6.2015 TFK-mótið
- 28.6.2015 Meistaramót GKKG 2015
- 28.6.2015 Meistaramót GKKG 12 ára og yngri
- 28.6.2015 Meistaramót GKKG 13–14 ára
- 6.7.2015 Punktamót GKKG 4. hringur (fyrir hádegi)
- 6.7.2015 Punktamót GKKG 4. hringur (eftir hádegi)
- 8.7.2015 Egils Kristals mótaröðin (3)
- 8.7.2015 Kristalsmótaröðin (3) meistaraflokkur
- 9.7.2015 Mixmótaröðin (2)
- 13.7.2015 Punktamót GKKG 5. hringur (fyrir hádegi)
- 13.7.2015 Punktamót GKKG 5. hringur (eftir hádegi)
- 14.7.2015 Kvennamót Leirdal
- 15.7.2015 Egils Kristals mótaröðin (4)
- 15.7.2015 Kristalsmótaröðin (4) meistaraflokkur
- 20.7.2015 Punktamót GKKG 6. hringur (fyrir hádegi)
- 20.7.2015 Punktamót GKKG 6. hringur (eftir hádegi)
- 27.7.2015 Punktamót GKKG 7. hringur (fyrir hádegi)
- 27.7.2015 Punktamót GKKG 7. hringur (eftir hádegi)
- 28.7.2015 9 holu kvennamót
- 29.7.2015 Egils Kristals mótaröðin (5)
- 29.7.2015 Kristalsmótaröðin (5) meistaraflokkur
- 30.7.2015 Mixmótaröðin (3)
- 3.8.2015 Punktamót GKKG 8. hringur (eftir hádegi)
- 3.8.2015 Opna Gull mótið
- 8.8.2015 Bylgjan Open
- 10.8.2015 Punktamót GKKG 9. hringur (fyrir hádegi)
- 10.8.2015 Punktamót GKKG 9. hringur (eftir hádegi)
